


VINNUMARKAÐURINN Á ÍSLANDI

Yfirlit, horfur og þjónusta Vinnumálastoun – maí 2020

Atvinnuleysi fer lækkandi

Atvinnuleysi lækkaði mikið í maí og fór úr 17,8% í apríl í 13,0% í maí. Munar þar mest um að atvinnuleysi sem tengist hlutabótaleiðinni lækkaði úr 10,3% í 5,6%. Almenna atvinnuleysið lækkaði einnig lítið eitt, úr 7,5% í 7,4%. Gert er ráð fyrir að atvinnuleysi lækki enn í júní og fari þá í 11,2%.



Í almenna bótakerfinu voru 16.134 einstaklingar atvinnulausir í lok maímánaðar og 17.213 í minnkaða starfshlutfallinu, eða samtals 33.347. Meðalbótahlutfall þeirra sem voru í minnkuðu starfshlutfalli í maí var um 60%. Alls voru um 21.500 einstaklingar sem eitthvað voru á hlutabótaleiðinni í maí, flestir þeirra í byrjun mánaðarins en fækkaði yfir mánuðinn sem fyrr segir í um 17.200 í lok mánaðarins. Um 5.200 fyrirtæki voru að baki þessum einstaklingum. Atvinnuleysi þeirra sem eru í minnkuðu starfshlutfalli er í mun meira mæli bundið við ferðapjónustu heldur en þeirra sem eru í almenna bótakerfinu.

Hópuppsagnir

Alls var 1.323 manns sagt upp í hópuppsögnum í maí hjá 23 fyrirtækjum. Stór hluti þeirra sem sagt var upp í

maí var áður kominn á minnkað starfshlutfall. Þeir einstaklingar munu því vinna uppsagnarfrest næstu mánuði, og mun hluti þeirra að öllum líkindum koma inn á atvinnuleysisráð þegar líður á sumarið, flestir í september.

Um 54% þessara hópuppsagna eru í ýmiskonar ferðatengdri starfsemi og um 30% að auki í gistiþjónustu og 2% í veitingastarfsemi, eða samtals um 86% í ferðapjónustu. Um 91% þeirra sem sagt er upp í hópuppsögnum eru af höfuðborgarsvæðinu og Suðurnesjum.

Atvinnuleysið lækkar í júní en eykst í ágúst

Gert er ráð fyrir að atvinnuleysi lækki nokkuð í júní þar sem fólk heldur áfram að afskrá sig jafnt og þétt úr hlutabótaleiðinni nú í júní. Gert er ráð fyrir að tæpur helmingur þeirra sem eftir voru í hlutabótaleiðinni afskrái sig í júní og atvinnuleysi sem tengist því úrræði lækki því í um 3,8%.

Fjöldi nýskráninga í almenna bótakerfinu það sem af er júní bendir til að almennt atvinnuleysi í júní minnki lítið eitt enda er töluvert um afskráningar úr hópi þeirra sem verið hafa á bótum. Heilt yfir er því gert ráð fyrir að atvinnuleysi í júní lækki úr 13,0% í maí í um 11,2% í júnímánuði. Hluti þeirrar lækkunar er þó tengt því að fólki hefur verið sagt upp og fer af hlutabótaleiðinni á uppsagnarfrest. Því má gera ráð fyrir að allmargir úr þeim hópi muni koma á atvinnuleysisbætur þegar líður á sumarið.

Gera má ráð fyrir að enn fækki í hópi þeirra sem nýta sér hlutabótaleiðina jafnt og þétt til ágústloka þegar það úrræði rennur sitt skeið. Hins vegar mun almennt atvinnuleysi trúlega aukast nokkuð fram í september enda mikið af hópuppsögnum að koma til framkvæmda síðsumars, einkum í ágúst. Líklegt er að almennt atvinnuleysi fari yfir 8% í júlí til september, en atvinnuleysi tengt hlutabótaleiðinni verði þá hverfandi.


Atvinnuástand eftir svæðum

Staðan verst á Suðurnesjum

Atvinnuleysi á Suðurnesjum lækkaði úr 25,2% í apríl í **19,6%** í maí. Þar er almennt atvinnuleysi að aukast, fer í **12,2%** í maí en var 11,2% í apríl. Atvinnuleysi sem tengist minnkaða starfshlutfallinu fer á hinn bóginn lækkandi líkt og annars staðar á landinu og fer úr 14,0% í **7,4%**. Atvinnuástand á Suðurnesjum er sýnu verst á landinu enda hefur flugstarfsemi og ferðapjónusta meira vægi í atvinnulífi Suðurnesja en í öðrum landshlutum.

Næst mest er atvinnuleysið á höfuðborgarsvæðinu, **13,5%**, sem er lítið eitt yfir landsmeðaltali. Á Suðurlandi er það litlu lægra eða **12,3%** og **10,8%** á Norðurlandi eystra, en nokkru lægra í öðrum landshlutum.


Próun atvinnuleysis eftir landsvæðum



Sjá má að bæði almenna atvinnuleysið og atvinnuleysi vegna minnkaða starfshlutfallsins er hæst á Suðurnesjum. Almenna atvinnuleysið er næst hæst á höfuðborgarsvæðinu og því næst á Suðurlandi. Næst á eftir Suðurnesjum er atvinnuleysi tengt hlutabótaleiðinni hæst á höfuðborgarsvæðinu og á Suðurlandi.


Annars staðar á landinu er almenna atvinnuleysið hæst á Norðurlandi eystra en atvinnuleysi tengt hlutabótaleiðinni á Suðurlandi. Atvinnuleysi er lægst á Norðurlandi vestra bæði hvað varðar almenna atvinnuleysið og það sem tengist minnkaða starfshlutfallinu.

Skipting atvinnuleysis í almennt og minnkað



Atvinnuleysi er nokkru meira meðal kvenna en karla á Suðurnesjum, eða 21,6% hjá konum á móti 18,3% hjá

Atvinnuleysi eftir kyni og landsvæðum



körllum. Atvinnuleysið er á hinn bóginn hærra meðal karla en kvenna á höfuðborgarsvæðinu. Sama gildir um Vestfirði, þar er atvinnuleysið meira meðal karla en annars staðar á landinu er það hærra meðal kvenna.


Minnkað starfshlutfall

Fækkar hratt á hlutabótaleiðinni

Alls fengu um **21.500** einstaklingar greiddar bætur í maímánuði vegna minnkaðs starfshlutfalls og **17.213** þeirra voru í minnkuðu starfshlutfalli í lok mánaðarins. Fólk var að skrá sig úr hlutabótaleiðinni jafnt og þétt yfir maímánuð, heldur fleiri þó framan af mánuðinum. Meðal bótahlutfall fólks á hlutabótaleiðinni var um 60% í maí.

Atvinnuleysi vegna þeirra sem skráðir voru í minnkað starfshlutfall í maí reiknast **5,6%** og hefur lækkað um nærri helming frá því í apríl. Hæst er hlutfall atvinnuleysis sem tengist minnkuðu starfshlutfalli 7,4% á Suðurnesjum, 5,7% á höfuðborgarsvæðinu og á Suðurlandi og 5,0% á Austurlandi. Gert er ráð fyrir að atvinnuleysi vegna minnkaðs starfshlutfalls lækki í um 3,5-4,0% í júní og komi þá til viðbótar almennu atvinnuleysi nálægt 7,3%.

Skipting minnkaðs starfshlutfalls á atvinnugreinar




Einstaklingar í minnkuðu starfshlutfalli

Um 42% þeirra sem voru í þessu úrræði um minnkað starfshlutfall í lok maí voru starfandi í flugstarfsemi, gisti- og veitingarekstri og öðrum ferðaþjónustutengdum greinum og hefur hlutfallið hækkað úr um 37% í lok apríl, sem sýnir alvarlega stöðu þeirrar atvinnugreinar. Um 17% hópsins starfar í verslun og flutningastarfsemi, um 16% í iðnaði, byggingariðnaði, sjávarútvegi og landbúnaði og önnur 16% í ýmis konar þjónustustarfsemi á almennum markaði, s.s. sérfræðiþjónusta, upplýsingatækni og útgáfustarfsemi. Hefur hlutfallið heldur hækkað í þeirri grein en lækkað í menningar- og félagastarfsemi auk opinbers rekstrar og persónulegrar þjónustu, þar sem hlutfallið er nú 8% en var 11% í apríl.

Karlar eru um 57% sem nýta sér úrræðið en karlar eru um 56% á vinnumarkaði. Hlutfallslega fleiri úr yngstu aldurshópnum eru í hlutabótaleiðinni en úr eldri aldurshópum, og virðast þeir sem eru 30-39 ára sitja þar eftir í meira mæli en aðrir. Hlutfall 18-29 ára hefur hins vegar farið lækkandi. Erlendir ríkisborgarar eru um

Skipting minnkaðs starfshlutfalls eftir bakgrunni



fjórðungur þeirra sem eru á hlutabótaleiðinni sem er svipað hlutfall og verið hefur.

Meðalbótahlutfall þeirra sem voru í hlutabótaleiðinni í maí er um 60%, hæst í gistiþjónustu og ýmis konar ferðatengdri starfsemi en lægst í iðnaði og sérfræðiþjónustu.

Alls voru um 5.200 fyrirtæki sem nýttu sér hlutabótaleiðina í maí og var fjöldinn kominn niður í um 4.200 í lok mánaðarins.

Almennari atvinnuleitendur

Greining þeirra sem voru atvinnulausir í lok mánaðar

Hefðbundnir atvinnuleitendur þ.e. þeir sem ekki voru með minnkað starfshlutfall voru 16.134 í lok maí, 9.018 karlar og 7.116 konur. Hefðbundið atvinnuleysi, þ.e. án minnkaðs starfshlutfalls var 7,4% og minnkaði úr 7,5% í apríl.

Alls voru 2.142 hefðbundnir atvinnuleitendur á aldrinum 18-24 ára án atvinnu í lok maí í ár sem samsvarar um 7,0% skráðu atvinnuleysi. Atvinnulausum ungmennum hefur fjölgað um 1.356 frá maí 2019 þegar fjöldi atvinnulausra á þessu aldrursbili var 786. Hins vegar fækkaði þeim um 101 frá apríl s.l

Almennum atvinnuleitendum hefur fækkað í öllum aldurshópum frá því í apríl, nema meðal fólks undir 30 ára aldri, þar sem um lítisháttar fjölgun er að ræða. Mest er fækkunin meðal fólks á aldrinum 40-59 ára.

Lengd á skrá

Alls höfðu 2.563 hefðbundnir atvinnuleitendur verið án atvinnu í meira en 12 mánuði í lok maí, en 1.259 í maílok 2019. Hefur þeim því fjölgað um 1.304 milli ára og hefur fjölgað nokkuð hratt síðustu 2 mánuði sem rekja má að einhverju marki til falls Wow air fyrir ári síðan.

Þeim sem verið hafa atvinnulausir í 6-12 mánuði fer einnig fjölgandi, voru 3.142 nú í lok maí en 1.534 fyrir ári.

Atvinnugreinar og starfsstéttir


Atvinnulausum fjölgaði í öllum atvinnugreinum í maí 2020 frá maí 2019. Mesta fjölgunin meðal hefðbundinna atvinnuleitenda var í farþegaflutningum og í gisti- og veitingaþjónustu. Þá fjölgaði atvinnuleitendum mikið í ýmis konar persónulegri þjónustu og starfsemi félaga og menningarstarfi. Þá hefur orðið töluverð fjölgun í mannvirkjagerð og sérfræðiþjónustu. Einna minnst

hefur fjölgun atvinnulausra verið síðasta árið í sjávarútvegi, starfsemi ferðaskrifstofa og annarri ferðatengdri starfsemi og í upplýsinga- og fjarskiptastarfsemi.

Að því er varðar fjölda atvinnulausra eftir starfsstéttum þá fjölgaði atvinnulausum mest meðal vélafólks, skrifstofufólks, iðnaðarmanna og starfsfólks við ýmis þjónustustörf.


Atvinnulausir erlendir ríkisborgarar

Alls voru 6.320 erlendir ríkisborgarar hefðbundnir atvinnuleitendur (án minnkaðs starfshlutfalls) án atvinnu í lok maí. Þessi fjöldi samsvarar um 17,6% atvinnuleysi meðal erlendra ríkisborgara. Í fyrra á sama tíma voru 2.565 erlendir ríkisborgarar án atvinnu og hefur þeim því fjölgað mikið frá maí 2019.



Hlutfall erlendra ríkisborgara hefur aukist nokkuð í maí frá því í apríl þegar það var um 35%, en er nú nær 40% líkt og það var í desember og fram í febrúar.

Fjöldi atvinnulausra erlendra ríkisborgara skipt eftir þjóðerni í lok maí 2020




Flestir erlendir ríkisborgarar á atvinnuleysissskrá komu frá Póllandi eða 3.199, sem er um 51% allra erlendra ríkisborgara á atvinnuleysissskrá. Því næst koma Litháar og Lettar en færri af öðrum þjóðernum.

Hópuppsagnir í maí

Hópuppsögnum fer fækkandi

Alls bárust 23 tilkynningar um hópuppsagnir Vinnumálastofnun í maí þar sem 1.323 starfsmönnum var sagt upp störfum. Flestar uppsagnirnar í maí voru úr ýmis konar ferðatengdri starfsemi og í gistiþjónustu, eða samtals um 84%.

Hópuppsagnir í maí eftir atvinnugreinum



Flestir þeirra sem sagt var upp nú í maí eru búsettir á höfuðborgarsvæðinu og á Suðurnesjum, eða samtals um 91% allra sem sagt var upp.

Uppsagnarfrestur þeirra sem sagt er upp í þeim hópuppsögnum sem nú eru að berast er í flestum tilvikum 3 mánuðir. Á heildina litið eru um 7.000 manns að missa vinnu vegna hópuppsagna frá maí og fram í september. Í einhverjum tilvikum má gera ráð fyrir að fólk verði endurráðið áður en ráðningarsambandi lýkur, í einhverjum tilvikum er starfsmönnum boðin endurráðning á öðrum kjörum, einhverjir munu trúlega


hafa fundið sér vinnu, hyggja á nám eða koma ekki inn á atvinnuleysissskrá af öðrum ástæðum. Þó verður að gera ráð fyrir að stærstur hluti þeirra muni koma inn á atvinnuleysissskrá þegar líður á sumarið þó það ráðist að einhverju marki af því hvort erlendir ferðamenn muni koma til landsins í einhverjum mæli þegar líður á sumarið.

Atvinnuleit og vinnumiðlun

Flutningur atvinnuleysis-tryggingaréttinda milli Íslands og EES-ríkja

Atvinnuleitendur á Íslandi hafa þann möguleika að geta farið í atvinnuleit innan annars EES-ríkis í allt að þrjá mánuði og halda atvinnuleysisbótum sínum, fái þeir útgefið svokallað U2 vottorð sem Vinnumálastofnun hefur umsýslu með. Í maí voru gefin út 69 slík vottorð til einstaklinga sem fóru í atvinnuleit til Evrópu. Flestir fóru í atvinnuleit til Póllands eða 41 einstaklingur, níu fóru til Tékklands og sex til Lettlands. Þá voru gefin út 13 vottorð til viðbótar til sjö annarra ríkja. Í maí komu fjórir einstaklingar til landsins í atvinnuleit með slík vottorð frá öðrum EES-ríkjum.

Útgefin U2 vottorð vegna atvinnuleitar í öðru EES ríki, maí 2020



Einstaklingar sem hafa unnið á Íslandi hafa einnig þann möguleika að óska eftir staðfestingu á atvinnuleysis-tryggingu sinni með það að markmiði að flytja hana til annars EES-ríkis. Í slíkum tilvikum sækja þeir um U1

vottorð. Í maí voru gefin út 75 U1 vottorð. Flest vottorðin voru gefin út til Tékklands (19), 12 vottorð voru gefin út til Slóvakíu og 12 til Póllands. Þau sem eftir standa, eða 32 vottorð, voru gefin út til 15 annarra ríkja.

Auglýst störf í vinnumiðlun í maí

Alls komu inn 266 ný störf sem auglýst voru í vinnumiðlun hjá Vinnumálastofnun í maí. Um nokkuð fjölbreytt störf var að ræða en mest störf verkafólks í iðnaði, landbúnaði og skyldum greinum eða 123 störf. Þá voru auglýst 64 stjórnunar-, sérfræði- eða skrifstofustörf og 30 störf fyrir iðnaðarmenn og eins 30 störf verkafólks í þjónustu. Flest auglýstra starfa teljast almenn störf eða um 83%. Annað eru átaksverkefni, reynsluráðningar eða störf fyrir fatlaða. Flest starfanna eða 36%, eru á höfuðborgarsvæðinu, 18% á Vesturlandi og 13% á Norðurlandi vestra. Þá eru 32% annars staðar á landinu. Samtals hafa verið auglýst 873 ný störf það sem af er ári í vinnumiðlun Vinnumálastofnunar eða fleiri störf en sömu mánuði árið 2019 þegar auglýst voru 794 ný störf frá janúar til maí.

Auglýst störf eftir starfsstétt	Fjöldi	Hlutfall
Stjórnunar- /sérfræði- /skrifstofustörf	64	24%
Þjónustustörf	12	5%
Afgreiðslustörf	7	3%
Iðnaðarmenn	30	11%
Verkafólk í þjónustu	30	11%
Verkafólk í iðnaði, landbúnaði o.fl.	123	46%
Samtals	266	100%

Útlendingar


Atvinnuleyfi, erlend þjónustufyrirtæki og starfsmannaleigur

Atvinnuleyfi

Í maí gaf Vinnumálastofnun út 79 atvinnuleyfi til útlendinga til að starfa hér á landi. Fækkaði útgefnum

leyfum töluvert miðað við sama tíma í fyrra þegar gefin voru út 143 atvinnuleyfi. Af útgefnum leyfum var 31 til nýrra útlendinga á íslenskum vinnumarkaði og 48 leyfi voru framlengd.

Ný atvinnuleyfi eftir tegund í maí 2020



Flestir sem fengu útgefið atvinnuleyfi í maí, hvort sem var nýtt eða framlengt, fengu sérfræðileyfi eða 33 leyfi. Þá voru gefin út 11 leyfi vegna fjölskyldusameiningar og eins 11 leyfi fyrir Íþróttafólk. Þegar atvinnuleyfi eru skoðuð eftir starfsgreinum í maí voru flest leyfi gefin út vegna starfa sem krefjast sérfræði- eða sérmenntunar eða 52%. Um 18% vegna þjónustustarfa og 15% vegna verkafólks. Um 15% starfa voru í öðrum starfsgreinum.

Erlend þjónustufyrirtæki og starfsmannaleigur

Samkvæmt skráningu til Vinnumálastofnunar voru 22 erlend þjónustufyrirtæki starfandi í maí 2020 með samtals 106 starfsmenn.

Þá voru starfsmenn starfsmannaleiga, innlendra og erlendra samtals 344 í maí á vegum 21 starfsmannaleiga. Hefur þeim fækkað um meira en helming frá maí 2019 þegar voru hér 910 starfsmenn hjá 24 starfsmannaleigum. Flestir starfsmenn starfsmannaleiga komu frá Póllandi eða 56%, 14% var frá Litháen og 13% frá Lettlandi. Þeir sem eftir standa, eða um 17% starfsmanna, komu frá átta öðrum ríkjum.

Ítarlegri upplýsingar um atvinnuleysi og þróun þess má finna á vefsíðu okkar:

Mælaborðið sýnir atvinnuleysistölur út frá ýmsum þáttum 2 ár aftur í tímann, þar sem sjá má á myndrænan hátt samanburð eftir bakgrunni s.s. kyni, aldri og sveitarfélögum.

Excelskjöl með tölulegum upplýsingum yfir lengri tímabil, ítarlega niður brotið eftir bakgrunnspáttum.

Pdf skjöl fylgja mánaðarskýrslu og auðvelt er að prenta út. Þar er að finna samanburð við fyrri mánuð og sama mánuð fyrir ári síðan, brotið niður m.a. eftir kyni og aldri.

Hér er að finna upplýsingar um mælingu á skráðu atvinnuleysi og aðrar forsendur fyrir tölum Vinnuálastofnunar um atvinnuleysi og fjölda atvinnulausra

